

From: Þorsteinn Magnússon [thing@simnet.is]
Sent: 17. nóvember 2008 14:27
To: helgi@sudurland.is
Subject: Vörðukot í landi Hests, Grímsnesi . Stækkun sumarhúss
Attachments: 0702 VÖRÐUKOT 301 VIÐBYGGING LAGNIR Á LÓÐ AFSTÖÐUMYND 5.pdf; 0702 VÖRÐUKOT 302 VIÐBYGGING LAGNIR Í GRUNNI 5.08.08 MK.pdf; 0702 VÖRÐUKOT 401 RAUNTEIKNING feb.2007.dwg Model.pdf; 0702 VÖRÐUKOT 402 MEÐ VIÐBYGGINGU .dwg Model (1).pdf; 0702 VÖRÐUKOT 403 AFSTÖÐUMYND MKV.1-500.dwg Mode.pdf; 0702 VÖRÐUKOT VIÐBYGGING 201 BURÐARVIRKI 28.10.08 M.pdf; 0702 VÖRÐUKOT VIÐBYGGING 202 BURÐARVIRKI MKV.-10.dw.pdf; 0702 VÖRÐUKOT VIÐBYGGING 203 BURÐARVIRKI MKV.-10.dw.pdf; Vörðukot í Hestlandi Grímsnesi Mhl 01.xls

Helgi Kjartansson byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Kópavogi 17. nóvember 2008

Varðar: Vörðukot í landi Hests, Grímsnesi – stækkun

Sæll Helgi

Í framhaldi af samtali okkar í morgun sendi ég þér aðaluppdrætti sem pdf-teikningar (teikn.401-403) af stækkun á ofangreindu sumarhúsi, auk burðarþolsteikninga og teikninga af frárennsliskerfi. Prentaðar teikningar sendi ég með rúttunni í fyrramálið.

Hilmar Einarsson fyrrverandi byggingafulltrúi gaf mér leyfi til þess að teikna sjálfur þessa aðaluppdrætti og vona ég að þú sért sáttur við það.

Ég er verkfræðingur á húsinu.

Fyrirhugað er að hita húsið með ofnhitakerfi og mun ég leggja inn teikningar af því síðar.

Meistarar á verkinu eru sem hér segir:

- trésmíðameistari: Jóhann Friðbjörnsson í Stuðlum ehf
- pípulagningameistari: Ólafur S. Guðmundsson
- rafvirkjameistari: Sigursteinn Þorsteinsson í Sraumvirki ehf

Fyrirhugað var vinna þetta verk í fyrrasumar og voru staurar tilbúnir til steypu síðasta haust en náðist ekki að ljúka verkinu. Mér er mikið í mun að ljúka steypuvinnu núna og ætla að reyna að steypa næstu daga. Útfærsla grundunar er eins og sýnt er á teikningu.

Með bestu kveðju

Þorsteinn Magnússon verkfræðingur